

REGLUGERÐ

um (30.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi er felld úr viðauka 4 við reglugerðina:

Efni.	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Levonorgestrelum Ethinylestradiolum	Töflur. Í hverri töflu levonorgestrelum 0,25 mg, ethinylestradiolum 50 mikrog. Mest 4 stk. handa einstaklingi.	Tetragynon, töflur.	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins.

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni.	Hámarks magn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Codeini phosphas Ibuprofenum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 10 mg/200 mg. Mest 10 stk. handa einstaklingi.	Íbúkód, töflur.	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins.
Penciclovirum	Lyfjaform í afmældum skömmtum. Einstakur skammtur mest 1 túpa eða 20 mg.	Vectavir, krem	Fylgiseðill samkvæmt ákvörðun lyfjanevndar ríkisins.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast gildi 1. nóvember 1998.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. október 1998.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 19. október 1998 staðfest aðalskipulag Borgarbyggðar 1997-2017.

Staðfestingin tekur til þéttbýlis í Borgarnesi, og næsta nágrenni, en frestað er aðalskipulagsgerð annarra hluta sveitarfélagsins.

Staðfesting þessi nær ekki til svæða umhverfis núverandi og fyrirhugaða legu Hringvegar 1 og er fyrirvari gerður á tilhögun deiliskipulags á þeim svæðum þar til mat á umhverfisáhrifum hefur farið fram um legu þjóðvegarins.